

NÁMSKEIÐ Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

Próf 12. nóvember 2007.

Veðréttur og þinglýsingar

VEÐRÉTTUR (25%)

1. Gerið grein fyrir svokallaðri sérgreiningarreglu veðréttar. (15%)
2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar, eitt stig er dregið frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. (10%):

- a) Tilgreiningarreglan gildir um veð í almennum fjárkröfum.

___ Rétt

___ Rangt

- b) Veðréttur sem ekki hefur verið tryggð réttarvernd getur samt sem áður verið gildur milli aðila.

___ Rétt

___ Rangt

- c) Veðþola er óheimilt að selja eign sem hann hefur sett að handveði.

___ Rétt

___ Rangt

- d) Ekki verður stofnað til sjálfsvörsluveðs í lausafé með munnlegum samningi.

___ Rétt

___ Röng

- e) Ákvæði laga nr. 75/1997 um samningsveð varðandi réttarvernd handveðs eru frávíkjanleg.

___ Rétt

___ Röng

ÞINGLÝSINGAR (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsröð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. (5%)

- ___ a. Veðskuldabréf, dags. 1. apríl 2006, barst til þinglýsingar 17. júní s.á. kl. 14:25.
___ b. Fjárnám gert í eigninni 16. júní 2006, kl. 10:15, barst til þinglýsingar sama dag kl. 14:50.
___ c. Fjárnám gert í eigninni 18. júní 2006, kl. 13:46, barst til þinglýsingar sama dag kl. 14:13.
___ d. Fjárnám gert í eigninni 13. maí 2006, barst til þinglýsingar 18. júlí s.á. kl. 12:11.

2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar, eitt stig er dregið frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. (10%):

- a) Þinglýsing getur í ákveðnum tilvikum haft áhrif á það hvort samningur er gildur á milli aðila eða ekki.

___ Rétt

___ Rangt

- b) Jákvæður áreiðanleiki þinglýsingabóka felst í því að ef þinglýsingabók tilgreinir ekki einhver eignaréttindi eða takmörk þeirra þá er slíkum réttindum ekki til að dreifa um viðkomandi eign.

___ Rétt

___ Rangt

- c) 1. mgr. 33. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er dæmi um jákvæðan áreiðanleika þinglýsingabóka.

___ Rétt

___ Rangt

- d) Til þess að teljast grandlaus í skilningi þinglýsingalaga þá verður viðkomandi beinlínis að hafa þekkt hin óþinglýstu réttindi.

___ Rétt

___ Rangt

- e) Ef þinglýstur eigandi fasteignar selur eignina grandlausum þriðja aðila þá er slíkt framsal ekki bindandi ef síðar sannast að þinglýsti eigandinn var ekki raunverulegur eigandi eignarinnar.

___ Rétt

___ Rangt